

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. maí 2020
Tilvísun: 2005060 / 00.08.00

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til laga um ferðagjöf. Þingskjal 1476 - 839. mál.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 28. maí. sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til laga um ferðagjöf.

Meginefni frumvarpsins felur í sér útgáfu stjórnvalda á 5.000 kr. inneign til einstaklinga 18 ára eða eldri með íslenska kennitölu. Ferðagjöfin er til greiðslu hjá fyrirtækjum sem uppfylla eitt af tilgreindum skilyrðum. Ferðamálastofa fer með eftirlit með framkvæmd laganna.

Umsögn Ferðamálastofu

Ferðamálastofa er jákvæð í garð þeirrar ákvörðunar að veita stafræna 5.000 kr. inneign til einstaklinga 18 ára og eldri með íslenska kennitölu. Skyndilega hefur orðið mikill samdráttur í komu erlendra ferðamanna til landsins vegna COVID-19 og fyrirsjáanlegt er að Íslendingar munu draga verulega úr ferðalögum til útlanda í ár. Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á ferðaþjónustuna og rekstrarumhverfi hennar. Hvatning stjórnvalda til landsmanna um að ferðast innanlands og útgáfa ferðagjafarinnar er mikilvægt tækifæri til að að efla innlenda ferðaþjónustu og draga úr því tjóni sem heimsfaraldurinn hefur haft á ferðaþjónustu á Íslandi

Ferðamálastofa trú á að ferðagjöfin hafi þau áhrif sem henni er ætlað, þ.e. að hvetja fólk til að ferðast innanlands og kaupa vörur og þjónustu. Vissulega er aðgerðin táknræn, þar sem inneignin dugar hverjum einstaklingi skammt á ferðalagi um landið og takmarkandi er hvaða fyrirtæki geta tekið á móti ferðagjöf. Ferðamálastofa telur nær öruggt að aðgerðin muni hafa snjóboltaáhrif. Einstaklingur sem kaupir þjónustu og greiðir fyrir með gjafabréfi mun örugglega kaupa aðra þjónustu hjá ýmsum öðrum fyrirtækjum, einnig þeim sem lögin ná ekki til. Þannig munu ekki aðeins þau fyrirtæki sem taka á móti gjafabréfinu njóta góðs af þessari aðgerð, heldur öll innlend ferðaþjónusta.


Ferðamálastofa telur jafnframt jákvætt að skilyrðin fyrir móttöku ferðagjafar séu mjög skýr og að þau byggjast nær eingöngu á ákveðnum leyfisflokkum. Með þessu er komið

í veg fyrir huglægt mat þegar kemur að því að ákveða hvaða fyrirtæki megi taka á móti ferðagjöfni.

Með því að notast við stafræna lausn safnast mikilvægar upplýsingar um neytendahegðun sem eru gríðarlega mikilvægar upplýsingar fyrir íslenska ferðaþjónustu. Um langa tíð hefur verið litið vitað um neytendahegðun á innanlandsmarkaði en mun meiri upplýsingar eru til um neytendahegðun erlenda ferðamanna á Íslandi. Í Mælaborði ferðaþjónustunnar munu birtast í rauntíma ýmsar mikilvægar upplýsingar þannig verður til dæmis hægt að sjá hvar er verið að nota gjafabréfið, s.s. eftir landsvæðum, sveitarfélögum og í hvers konar þjónustu, greint eftir aldri, kyni o.þ.h. Persónugreinanlegum upplýsingum verður ekki miðlað í þessu verkefni.

Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund atvinnuveganefndar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu



Elías Bj. Gíslason
Forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs



Alþingi, Atvinnuveganefnd

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. maí 2020

Umsögn frumvarp til laga um ferðagjöf, mál 839, 150. löggjafarþing.

Þannig að mál með vexti að fyrirtæki mitt er ferðaþjónustufyrirtæki til 9 ára sem leigir út útilegubúnað og göngubúnað. Að mestu hefur leigan verið til erlendra ferðamanna og hefur því ástand síðustu mánaða haft mikil áhrif á okkar rekstur sem og önnur ferðaþjónustufyrirtæki á landinu. Um 98% tekna okkar á árinu 2019 voru í evrum, þannig að okkar stafsemi hefur og mun byggjast á erlendum ferðamönnum.

Við horfðum til úthlutunar ferðaávísana sem jákvætt útspil til að efla vitundarvakningu meðal Íslendinga til að ferðast innanlands og sáum við tækifæri fyrir okkar rekstur að bjóða og auglýsa okkar búnað til leigu innanlands. Leiga á útilegubúnaði er einungis á sumrin enda ekki forsenda fyrir öðru m.v. veðráttu og eftirspurn eftir slíkum búnaði.

Við erum skráð í fyrirtækjaskrá RSK #64.99.0 sem er m.a. útleiga lausafjármuna og ekki er gerð krafa um nein leyfi til að leigja út lausafjármuni á Íslandi, allavega hef ég ekki fundið það leyfi og enginn hefur geta bent á leyfiskvaðir sem reksturinn þarf að uppfylla. Með ánægju myndum við fylla út slíka umsókn ef hún væri til. Þrátt fyrir það erum við öflugt ferðaþjónustufyrirtæki sem veitir og hefur veitt góða þjónustu í gegnum tíðina eins og sést á umsögnum um okkur á Google Reviews, Facebook, Trip advisor og víða í blöðum og sérritum um ferðamál um allan heim.

Nú liggur fyrir frumvarp til laga um ferðagjöf, mál 839, þar sem skilyrði eru sett fyrir að fyrirtæki séu með hitt eða þetta leyfi til að falla undir þann heiður að fá að taka á móti útgefnum ferðaávísunum ríkissjóðs fyrir sumarið 2020. Svar ferðamálaráðuneytis varðandi okkur fyrirspurn með hjálp Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns, sem við þökkum fyrir, um hvort að okkar rekstur ætti ekki að vera hluti af umræddu frumvarpi er eftirfarandi, skv. email frá Ásmundi Friðrikssyni 25. maí kl. 13:57 til undirritaðs, en orðrétt segir ráðuneyti ferðamála:

„Ég get ekki séð að þessi starfsemi falli undir skilgreiningu Laganna. Sama má segja um verslanir sem selja samskonar búnað, þ.e.a.s. tjöld og gönguskó og GPS-búnað o.s.frv. o.s.frv.“

Markmið Laganna er að skilyrðin fyrir þátttöku séu skýr og afdráttarlaus og sem minnst háð huglægu mati. Það er ástæðan fyrir því að nær alfarið er miðað við rekstur sem krefst tiltekinna Leyfa.

Hinir tveir möguleikarnir voru: A) að opna á alla vöru og þjónustu, eða B) að fela einhverjum aðila að meta hvert og eitt tilvik fyrir sig, með öllum þeim miklu tögum, skriffræði, umsýslu, álitamálum og líklega kærumálum sem því hefði fylgt.“

Undirritaður skilur ekki svar ráðuneytisins með fullri virðingu fyrir viðkomandi embættismanni sem hefur örugglega unnið marga vinnustundir við að smíða texta inn í frumvarpið. Vísar svarið til þess að okkar starfsemi falli ekki undir skilgreiningu laganna. Við erum ekki að óska eftir að sala á útilegubúnaði falli undir ný lög um ferðaávisanir heldur leiga á útilegubúnaði og göngubúnaði enda er viðkomandi rekstur sannanlega ferðaþjónusturekstur. Með sömu rökum og ráðuneytið notar mætti segja að leiga á bílum ætti ekki heyra undir frumvarpið þar sem bílaumboð eru til í landinu sem selja bíla. Einnig er ljóst er að margar bílaleigur leigja oft en ekki GPS tæki, borð, stóla og jafnvel tjöld með sínum bílaleigubílum sem fellur undir skilyrði nýja frumvarpsins. Ef fyrirtæki hins vegar leigja einungis útilegubúnað þá eru þau ekki fullgildir meðspilarar meðal ferðaþjónustufyrirtækja og eiga ekki rétt á að bjóða íslendingum afslátt og pakkatilboð tengt umræddum ferðaávisunum.

Samkvæmt yfirlýstu ferli þá þarf Ferðamálastofa að samþykkja öll fyrirtæki sem munu geta tekið á móti ferðaávisunum í sumar. Okkur er því óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að setja inn orðalag í frumvarpið sem heimilar ferðaþjónustufyrirtækjum sem leigja útilegubúnað til ferðamanna að taka á móti ferðaávisunum. Ekki eru mörg slík fyrirtæki í landinu og auðséð og auðkannað hvort að slík fyrirtæki séu á ferðinni þó að ekki liggi fyrir formleg leyfisveiting fyrir viðkomandi rekstur, þ.e. önnur leyfisveiting en rétt og eðlileg skráning fyrirtækis hjá fyrirtækjaskrá RSK.

Við viljum sjá breytingu á 1. gr. undirliggjandi frumvarps til laga um ferðaávisanir þar sem bætt verði við skilyrði fyrir móttöku ferðaávisana, dæmi: "Fyrirtæki í útleigu á útleigu- og göngubúnaði til ferðamanna, s.s. tjöldum, svefnbúnaði og matarbúnaði." Örugglega ekki eina útfærslan á texta sem möguleg er en með sambærilegum texta er mögulegt að ná yfir þá útleigustarfsemi sem sannanlega er tilkomin í landinu vegna aukins ferðamannastraums til landsins síðustu árin.

Á Bylgjunni í morgunútvarpi í dag 29. maí var haft eftir ferðamálaráðherra að markmið frumvarpsins væri að "Targeta" ferðaþjónustuna eða m.ö.o. að markmiðið væri að ná til ferðaþjónustufyrirtækja en ekki til bifreiðaverkstæða og því fögnum við þar sem við erum ferðaþjónustufyrirtæki sem frumvarpinu er ætlað að ná yfir.

Við viljum vera fyrirtæki sem getur boðið íslendingum upp á greiðslu með ferðaávisunum enda gæti viðkomandi upphæð í formi nokkurra ferðaávisana innan stórfjölskyldu greitt stórt hlutfall kostnaðar við útilegupakka fyrir 4 manna fjölskyldu sem á ekki tjald, húsbíl, hjólhýsi eða tjaldvagn og vill ekki leigja sér gistingu í fortjölduðu lúxustjaldi sem uppfyllir nú þegar skilyrði frumvarpsins.

Skorum við á atvinnuveganefnd að beita sér fyrir að okkar fyrirtæki og önnur sambærileg sem leigja út lausafjármuni/útilegubúnað/tjöld til ferðamanna falli undir þetta frumvarp sem liggur fyrir Alþingi. Tjaldið hefur verið í mynd ferðamenskunar í áratugi og því dapurt að slík þjónusta sé ekki með í vöruúrvalinu þegar landinn velur sér fyrirtæki fyrir sína ferðaávisun.

F.h. Iceland Camping Equipment, kt. 550916-1180

Stefán Á. Magnússon, framkv.stjóri og eigandi



Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 29. maí 2020
Tilvísun: 2020051750/VS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf.

Persónuvernd vísar til beiðni atvinnuveganefndar Alþingis frá 27. maí 2020 um umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf (þskj. 1476, 839. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að stjórnvöld gefi einstaklingum 18 ára og eldri með íslenska kennitölu ferðagjöf að fjárhæð 5.000 krónur, í formi stafrænnar inneignar. Fram kemur í 3. kafla athugasemda með frumvarpinu að ferðagjöfin verði afhent í gegnum smáforrit í farsíma eða með notkun greiðslukóða gegnum internetið.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en áréttar mikilvægi þess að við gerð og notkun framangreinds smáforrits og greiðslukóða gegnum netið, sem og við aðra vinnslu persónuupplýsinga við útfærslu þessa frumvarps, verði gætt að lögum nr. 90/2018 í hvívetna.


Til að mynda verði, í samræmi við grunnkröfur laganna, gætt að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 2. og 3. tölulið 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 24. gr. laganna, sbr. 25. gr. persónuverndarreglugerðar (ESB) 2016/679. Síðastnefnda ákvæðið kveður á um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd sem felur meðal annars í sér tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir hannaðar til að framfylgja meginreglum um persónuvernd, svo sem lágmörkun gagna og að einungis séu unnar þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar séu vegna tilgangs vinnslunnar hverju sinni.

Jafnframt skal öryggi persónuupplýsinga tryggt, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 27. gr. laganna, sbr. 32. gr. reglugerðarinnar, og fræðsla veitt til skráðra einstaklinga í samræmi við 13.-15. gr. reglugerðarinnar, sbr. 17. gr. og 1. tölulið 1. mgr. 8. gr. laganna.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt. Þá væntir Persónuvernd þess að leitað verði til stofnunarinnar ef hún getur veitt frekari ráðgjöf við framkvæmd umræddrar ferðagjafar, sbr. 2. tölulið 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Valborg Steingrimsdóttir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2020
2005048SA KB/vrb
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf, 839 mál.

Frumvarp til laga um ferðagjöf, 839 mál, er nú til umfjöllunar í atvinnuveganefnd Alþingis. Ekki var óskað formlega eftir umsögn frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga en sambandið telur engu að síður ástæðu til að senda inn umsögn um frumvarpið.

Frumvarpið er hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að efla efnahagskerfið og draga úr neikvæðum áhrifum COVID-19 faraldursins. Í frumvarpinu er kveðið á um heimild stjórnvalda til útgáfu ferðagjafar, sem er stafræn inneign að andvirði 5.000 kr., til einstaklinga sem eru fæddir á árinu 2002 eða fyrr og hafa íslenska kennitölu.

Afstaða sambandsins

Að mati sambandsins er jákvætt að leitað sé leiða til að styðja við ferðaþjónustu á Íslandi sem hefur farið illa út úr COVID-19 faraldrinum. Með frumvarpinu er verið að hvetja til ferðalaga innanlands og mun gjöfin vonandi hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu um allt land.

Sambandið telur þó ástæðu til að gera athugasemdir við gildistíma ferðagjafarinnar en samkvæmt frumvarpinu er hægt að nýta gjöfina til og með 31. desember 2020. Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp ferðaþjónustu á heilsársgrunni um allt land. Bæði til að dreifa ferðamönnum betur um landið og til að minnka árstíðarsveiflur. Í því sambandi hafa ákveðin landsvæði og ákveðnar ferðaþjónustuaðilar t.d. lagt áherslu á sérhæfða vetrarferðaþjónustu. Þessir aðilar hafa þegar misst út mikilvæga mánuði á þessu ári og þá er alls óvíst hversu mikið ferðaþjónustan verður búin að taka við sér á fyrri hluta næsta árs. Til að gæta jafnræðis milli bæði landshluta og ferðaþjónustuaðila leggur sambandið til að gildistími ferðagjafarinnar verði lengdur þannig að hún gildi til 31. maí 2021 en þá verður hægt að nýta hana í u.þ.b. ár hljóti frumvarpið samþykki á Alþingi. Að þessu virtu mælir sambandið með að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis,
Skrifstofa nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2020
Tilv.: 2005021

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp til laga um ferðagjöf – 839. mál.

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts frá atvinnuveganefnd, dags. 27. maí sl., þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um ferðagjöf. Samkeppniseftirlitið vísar einnig til munnlegrar umsagnar um málið sem var veitt á nefndarfundi með Atvinnuveganefnd Alþingis, sem haldinn var miðvikudaginn 27. maí s.l. Þar kom Samkeppniseftirlitið á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum við 5. tl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að unnt sé að nota ferðagjöfina til greiðslu hjá fyrirtækjum sem hafa tilskilin leyfi skv. 1-4. tölulið 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, en í 5. tölulið segir: "*Söfnum og fyrirtækjum sem bjóða sýningu gegn endurgjaldi þar sem áhersla er á íslenska menningu, sögu eða náttúru.*" Í greinargerð við frumvarpið, um 5. tölulið 2. mgr. 1. gr., segir að um sé að ræða m.a. fyrirtæki eða söfn sem uppfylla skilyrði um áherslu á íslenska menningu, náttúru eða sögu. Að öðru leyti er ekki fjallað um þessi atriði.

Af 4. gr. frumvarpsins er ljóst að Ferðamálastofa hefur eftirlit með framkvæmd laganna og framkvæmir mat á því hvort starfsemi umsækjanda falli undir einhvern töluliða 2. mgr. 1. gr., þar á meðal 5. tölulið. Hins vegar skortir upplýsingar um hvaða viðmið eða skilyrði Ferðamálastofa mun hafa til hliðsjónar við mat á því hvort 5. töluliður 2. mgr. 1. gr. er uppfylltur. Samkeppniseftirlitið gerir athugasemd við að slíkar upplýsingar liggi ekki fyrir áður en frumvarpið verður að lögum og Ferðamálastofa getur hafið eftirlit og framkvæmt mat.

Samkeppniseftirlitið vill einnig koma á framfæri athugasemd við útfærslu á ferðagjöfinni. Samkeppniseftirlitinu hefur borist ábending um að ekki hafi verið haft samband við önnur fyrirtæki sem bjóða upp á sambærileg smáforrit í farsíma sem hefðu getað nýst við útfærslu og dreifingu á ferðagjöfinni.

Af þessu tilefni vill Samkeppniseftirlitið áréttta mikilvægi þess að hugað sé að samkeppnilegum áhrifum þeirra aðgerða sem stjórnvöld eru að ráðast í til þess að styðja við íslenskt atvinnulíf vegna efnahagsferfiðleika af völdum COVID-19. Meðal annars þarf að

gæta að því að notkun ríkisfjármuna til að aðstoða fyrirtæki getur, ef illa tekst til, verið til þess fallin að raska og hafa skaðleg áhrif á samkeppni ef aðgerðir stjórnvalda ívilna einu fyrirtæki eða fleirum umfram önnur.

Tekið skal fram að Samkeppniseftirlitið hefur ekki haft ráðrúm til að taka framangreinda ábendingu til frekari skoðunar en vill enga síður vekja athygli á áhrifum sem umrædd útfærsla á ferðagjöfinni kann að hafa.

Samkeppniseftirlitið vekur athygli á framangreindu og er reiðubúið að liðsinna nefndinni frekar eftir því sem hún óskar.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið



Guðmundur Haukur Guðmundsson



Reykjavík 29. maí 2020

Efni: Frumvarp til laga um ferðagjöf, mál 839.

Hinn 22. maí sl. lagði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um ferðagjöf. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að 1. umræðu lokinni. Með tölvupósti dags. 27. maí sl., óskaði nefndin eftir umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarpið. Frumvarpið er hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem viðspyrna til að bregðast við því áfalli sem efnahagur landsins hefur orðið fyrir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Ferðagjöfin var kynnt í aðgerðapakka 1 sem ein af þeim mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við heimsfaraldrinum kórónuveiru og er miðuð að því að auka ferðalög innanlands og styðja við innlend ferðaþjónustufyrirtæki. Áðgerðin er kynnt sem styrkur til ferðaþjónustunnar og er hvatning til ferðalaga innanlands og því beinn stuðningur við íslenska ferðaþjónustu. Áðgerðin er táknræn áðgerð til að hvetja almenning til að ferðast innanlands.

Markmiðið með áðgerðinni er að örva eftirspurn, hvetja Íslendinga og einstaklinga með íslenska kennitölu til að ferðast um landið í sumar. Væntingar stjórnvalda með áðgerðinni er að fyrirtæki sem skrá þátttöku í kerfinu bjóði viðskiptavinum sínum eitthvað á móti ferðagjöf ríkisins og hækki þannig upphæðina til hvers einstaklings. Markmiðið með áðgerðinni er ekki að viðskiptavinurinn (ferðalangurinn) noti eingöngu ávísunina á ferðalaginu heldur að hann geri meira úr ferðinni og bæti við fjármagni á móti tilboðum þeirra fyrirtækja sem taka þátt. Áðgerðin og frumvarpið er því eins og áður sagði fyrst og fremst ákveðin örvun fyrir ferðalanginn til að ferðast innanlands.

Ferðagjöfin verður því til þess að örva hagkerfið og þá þau fyrirtæki sem starfa í ferðaþjónustu. Ferðalangurinn verslar ekki eingöngu við ferðaþjónustufyrirtæki heldur mun hann versla við fleiri aðila á leið sinni og á sama tíma styrkja hagkerfið. Ef ferðalangurinn ætlar t.d. að nýta ferðagjöfina hjá gististað á austurlandi þá þarf hann að verja fjármunum til að komast þangað og dvelja á því svæði á meðan hann er staðsettur þar. Þess vegna er mikilvægt að ferðagjöfin sé fyrst og fremst ætluð ferðaþjónustufyrirtækjum þar sem verslun og önnur þjónusta mun njóta góðs af dvöl ferðalangsins á svæðinu. Til þess að ferðagjöfin nýtist sem best er mikilvægt að setja ákveðnar takmarkanir á því hvernig gjöfin er notuð og í hvað.

SAF taka undir öll þau sjónarmið sem koma fram í frumvarpinu en vilja benda á mikilvægi þess að koma ferðagjöfinni í notkun sem fyrst. Ónotuð ferðagjöf er í raun ónýttir fjármunir sem skila ekki jákvæðum áhrifum á hagkerfið og samfélagið. Þetta á ekki aðeins við um ferðaþjónustu heldur einnig fyrir alla þjónustu og verslun hér á landi. Í því samhengi fagna samtökin því að hægt sé að gefa ferðagjöfina áfram til að hún nýtist sem best og að þær séu notaðar á þessu ári til að örva ferðahug og hagkerfið á þessu ári.

Í frumvarpinu kemur fram í 2. mgr. 1. gr. að ferðagjöfina geti einstaklingur notað til greiðslu hjá fyrirtækjum sem uppfylla ákveðin skilyrði. SAF telja mikilvægt til að undirstrika það að ferðagjöfina eigi vera notuð til greiðslu hjá einkafyrirtækjum en ekki hjá fyrirtækjum og stofnunum sem eru í eigu t.d. ríkis eða sveitarfélaga. SAF vilja því að sett verði ákvæði, sem yrði þá 1. mgr. 1. gr. og aðrar málsgreinar 1. gr. færust því niður, sem yrði svohljóðandi:

Lögin gilda ekki um stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Þess ber að geta að sambærilegt ákvæði á sér fyrirmynd í frumvarpi um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, mál nr. 811.

SAF leggja til að ferðagjöfin verði meiri örvum og hærri stuðningur til fyrirtækja en nú er lagt upp með. Því hærri sem ferðagjöfin er því líklegra er að ferðalangurinn fari lengra, geri meira og fari jafnvel oftar að ferðast. Að endingu myndi ferðalangurinn setja meira fjármagn í hagkerfið því meira sem hann fær í ferðagjöf. Því hærri sem ferðagjöfin er aukast líkur á að ferðalangur sem búsettur er í Reykjavík fari lengra útá land til að eyða sinni ferðagjöf og þá einnig sínum eigin fjármunum. Hærri ferðagjöf þýðir þannig mögulega aukna hagsæld fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni. SAF mælist því til þess að ferðagjöfin verði að lágmarki kr. 15.000- per einstakling sem er u.þ.b. jafngildi einnar næturvalar á hóteli með morgunmat.

Í fjáráukalög 2020 sem samþykkt var á Alþingi 30. mars 2020, mál 695 var staðfest ráðstöfun allt að 1,5 ma.kr. til stuðnings við íslenska ferðaþjónustu sem m.a. gæti falið í sér hvatningu til ferðalga innan lands með útgáfu gjafabrefs til allra íbúa 18 ára og eldri. Ef fallist er á breytingar SAF um að hækka fjárhæðina í 15.000 per mann þá þarf að leggja 3 ma.kr. og þar með breyta frumvarpi um fjáráukalög 2020, mál nr. 841 sem lagt var fyrir Alþingi 26. maí 2020.

SAF vilja að endingu fagna frumvarpinu og er það ein af þeim aðgerðum íslenskra stjórnvalda til að örva íslenska ferðaþjónustu og íslenskt samfélag á tímum heimsfaraldursins kórónuveiru.

Virðingarfyllt,
f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

Alþingi
Atvinnuveganefnd,
sent á nefndasvid@nefndasvid.is

Ísafirði 29. maí 2020

Umsögn frumvarp til laga um ferðagjöf, mál 839, 150. löggjafarþing.

Vestfjarðastofa lýsir ánægju með markmið þessa frumvarps, sem hluti af átaki stjórnvalda til að mæta efnahagslegum áhrifum af heimsfaraldi kórónuveiru. Hér er fjármagni beint að þeim hluta ferðaþjónustu sem sinnir innanlandsmarkaði og er hvatning til einstaklinga að ferðast innanlands.

Vestfjarðastofa gerir hinsvegar alvarlega athugasemd við ákvæði 1. gr frumvarpsins, um að gildistíma ferðagjafar sé einungis settur til og með 31. desember 2020 og krefst þess að gildistíminn verði framlengdur til 31. maí 2021.


Vestfjarðastofa byggir þessa athugasemd á viðbrögðum, sem Markaðstofa Vestfjarða hefur fengið til sín frá ferðaþjónustuaðilum á Vestfjörðum. Hafa þeir aðilar unnið markvisst á síðustu árum að byggja upp vetrarferðaþjónustu með ágætum árangri og náð þannig að draga úr árstíðarsveiflu.

Meginþungi vetrarferðaþjónustu s.s. afþreyingar sem er í boði, er á tímabilinu desember til apríl og lengur ef veðuraðstæður leyfa. Hættan er því sú að ferðaþjónustuaðilar sem leggja áherslu á vetrarferðaþjónustu, verða nær alveg afskiptir í átaki stjórnvalda um ferðagjöf. Reikna má að hið sama gildi fyrir ferðaþjónustuaðila víðar um land.

Minnt er á að stefna stjórnvalda hefur um langa hríð verið að jafna árstíðarsveiflu í ferðaþjónustu. Þannig hefur verið unnið markvisst að efla heilsársferðaþjónustu með áherslu á vetrartímamann, nú síðast með átakanu „Ísland allt árið“. Ákvæðið 1. gr frumvarpsins um gildistíma ferðagjafar er því úr takti við stefnumörkun stjórnvalda um heilsársferðaþjónustu.

Því er ítrekuð sú krafa að í umfjöllun atvinnuveganefndar um frumvarp til laga um ferðagjöf, verði ákvæði 1. gr, um gildistíma ferðgjafar tekið til endurskoðunar.

f.h. Vestfjarðastofu



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.



Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2020
Tilvísun ÞÍ: 2020051366/5.0

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ferðagjöf. Þingskjal 1476 – 839. mál.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 27. maí sl., þar sem frumvarp til laga um ferðagjöf, 839. mál, þingskjal 1476 er sent til umsagnar.

Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.

Í upphafi er rétt að fara aðeins yfir uppbyggingu íslensku kennitölunnar. Samkvæmt lögum um Þjóðskrá Íslands nr. 70/2018 gefur stofnunin út kennitölur og sér um þjóðskrá og tengdar skrár s.s. horfínaskrá og kerfiskennitöluskrá. Það má segja að íslenska kennitalan sé í tveimur skráum, þjóðskrá og kerfiskennitöluskrá. Samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga nr. 140/2018 fer skráning einstaklinga fram í þjóðskrá. Í þjóðskrá eru skráðar tilteknar grunnupplýsingar s.s. kennitölur einstaklinga sem eru, eða hafa verið, skráðir til lögheimilis á Íslandi og íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru, erlendis auk breytinga á þeim. Þjóðskrá er grundvöllur ákvarðana um réttindi og skyldur einstaklinga með lögheimili á Íslandi og íslenskra ríkisborgara t.d. vegna ákvarðana um skattskyldu, kosningarétt, rétt á íslensku vegabréfi, aðgangi að ýmsum réttindum sem grundvallast t.d. á lögheimili eða hjúskaparstöðu. Kennitala er skilgreind sem einkvæmt auðkennisnúmer fyrir einstaklinga í þjóðskrá. Einstaklingar sem eru felldir brott úr þjóðskrá fara í miðlægt safn upplýsinga sem kallast horfínaskrá.

Þeir einstaklingar sem eru skráðir á kerfiskennitöluskrá fá útgefna kerfiskennitölu (áður utangarðskennitala). Um er að ræða einkvæmt auðkenni fyrir einstaklinga, gefið út til notkunar fyrir hið opinbera til auðkenningar í opinberum skráum, sem ekki þurfa eða uppfylla ekki skilyrði til skráningar í þjóðskrá og þar með ekki skilyrði þess að eiga lögheimili hér á landi. Kerfiskennitala veitir einstaklingi ekki rétt til dvalar eða búsetu umfram það sem greinir í lögum um útlendinga eða til annarra réttinda, svo sem greiðslna úr almannatryggingakerfinu. Skráning á kerfiskennitöluskrá er almennt eingöngu viðhöfð fyrir einstaklinga sem dvelja skemur en 3-6 mánuði á Íslandi eða hafa



engna viðdvöl á hér á landi. Skráningin veitir engin réttindi á Íslandi. Ef erlendum ríkisborgari hyggst dvelja lengur en 3-6 mánuði á Íslandi og njóta réttinda hér á landi þá ber honum að sækja um lögheimilisskráningu, sbr. ákvæði lögheimilis- og aðseturslaga nr. 80/2018.

Helstu ástæður þess að sótt er um kerfiskennitölur er vegna vinnu í stuttan tíma hér á landi og vegna viðskipta. Utangarðsskrá var tekin í notkun árið 1987 og gaf þáverandi forstjóri Hagstofu út reglur um skráningu og notkun kennitalna vegna þarfa hins opinbera. Tilgangur utangarðsskráningar var að tryggja opinberum aðilum einkvæmt númer til þess að auðkenna einstaklinga sem ekki voru skráðir á þjóðskrá (einstaklingsskrá).

Í dag er ekkert sem aðgreinir kennitölur einstaklings í þjóðskrá og einstaklings í kerfiskennitöluskrá. Samkvæmt lögum um skráningu einstaklinga ber að aðgreina kerfiskennitölu með sýnilegum hætti frá kennitölum einstaklinga í þjóðskrá 1. janúar 2021.

Teknar voru saman eftirfarandi upplýsingar 27. maí sl. um fjölda einstaklinga sem fæddir eru 2002 eða fyrr og eru í fyrrgreindum skrá, þjóðskrá og kerfiskennitöluskrá. Jafnframt voru teknar saman tölur um íslenska ríkisborgara og erlenda ríkisborgara búsetta erlendis og eru í þjóðskrá.

1. Fjöldi þeirra sem eiga skráð lögheimili á Íslandi, eiga íslenska kennitölu (þjóðskrá) fæddir 2002 eða fyrr.
 - 1a. íslenskir ríkisborgarar
Samtals 242.767 talsins
 - 1b. erlendir ríkisborgarar
Samtals 44.808 talsins
2. Fjöldi íslenskra ríkisborgara sem eiga íslenska kennitölu, (þjóðskrá), með skráð lögheimili erlendis fæddir 2002 eða fyrr.
Samtals 36.944 talsins
3. Fjöldi erlendra ríkisborgara sem eiga íslenska kennitölu, (þjóðskrá) með skráð lögheimili erlendis, fæddir 2002 eða fyrr.
Samtals 58.241 talsins
4. Fjöldi þeirra sem eiga kerfiskennitölu, fæddir 2002 eða fyrr.
Samtals 74.822 talsins



Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ferðagjöf sé 5.000 kr. stafræn inneign gefin út af stjórnvöldum til einstaklinga 18 ára eða eldri með íslenska kennitölu. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins öðlast lögin þegar gildi. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að ferðagjöfm sé til einstaklinga sem eru fæddir á árinu 2002 eða fyrr og hafa íslenska kennitölu. Frumvarpið er frekar óljóst um það hvort miða eigi við 18 ára afmælisdag eða hvort eigi að miða við alla sem fæddir eru 2002 eða fyrr.

Líkt og að framan greinir er íslenska kennitalan í þjóðskrá ekki aðgreinanleg frá kennitölu í kerfiskennitöluskrá. Því þarf að horfa til vilja löggjafans í þessu efni. Taka þarf allan vafa af um hvort allir eigi að njóta ferðagjafar óháð því hvort einstaklingur er skráður í þjóðskrá eða á kerfiskennitöluskrá. Jafnframt þarf að hafa í huga hvort skilyrðið sé að einstaklingurinn hafi fasta búsetu á Íslandi. Að mati Þjóðskrár Íslands þarf að haga orðalagi 1. gr. frumvarpsins með þetta í huga.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
lögfræðingur